



Landssamband fiskeldisstöðva

Alþingi

Erindi nr. Þ

130/2143

komudagur

26.4.2004

Nefndarsvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2004

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970 með síðari breytingum.

Breytingar eru á XIV kafla laganna: 98.gr, 99.gr. og 100 gr.

LF leggur til að fyrsta grein 98. gr. breytist á eftirfarandi hátt. **Hlutverk Fiskræktarsjóðs er að efla fiskeldi, fiskrækt í ám og vötnum og bæta veiðiaðstöðu með því að veita lán eða styrki til þessara verkefna.**

Skýring

Í núverandi frumvarpi hefur fiskeldið fallið út en Fiskræktarsjóður var stofnaður til stuðnings við fiskrækt og fiskeldi í landinu eins og segir í netútgáfu laganna.

LF vekur athygli á að góður vöxtur er í eldi bleikju og útflutningsmarkaður virðist þróast í þá átt að taka á móti meira magni. Samkvæmt framleiðslutölum eldisfyrirtækjanna voru u.þ.b. 1800 tonn framleidd árið 2003 og áætlað er að allt að 2400 verði framleidd í ár. Með auknu magni og reglulegum afhendingum batna möguleikar minni framleiðenda til að koma sínum fisk á erlendan markað.

LF gerir ekki athugasemdir við 99. gr. og 100. gr.

Virðingafyllst,

F.h. Landssambands fiskeldisstöðva,

Guðbergur Þórunnsson
framkvæmdastjóri